



10. stjórnarfundur LH
28. apríl 2021 kl. 20.00
Fjarfundur

Mætt: Guðni Halldórsson, Stefán Logi Haraldsson, Hákon Hákonarson, Gréta V. Guðmundsdóttir, Sóley Margeirsdóttir, Eggert Hjartarson og Siguroddur Pétursson úr aðalstjórn, Aníta Aradóttir, Einar Gíslason og Ómar Ingi Ómarsson úr varastjórn.

Fjarverandi: Lilja Björk Reynisdóttir og Ingimar Baldvinsson úr varastjórn.

Einnig mætt: Hjörný Snorradóttir, Lárus Finnbogason endurskoðandi.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Ársreikningur 2020 – drög – Lárus Finnbogason endurskoðandi
Lárus Finnbogason endurskoðandi LH fór yfir tillögur að niðurfærslu eigna í ársreikningi LH.
Afgreiðsla: Fram komu ábendingar um frekari skýringar með reikningnum sem Lárus færir inn og sendir svo til stjórnar endanlega útgáfu af reikningi.

Lárus Finnbogason vikur af fundi.

2. Samþykkt fundargerðar 9. fundar

Hjörný Snorradóttir kemur inn á fund.

3. Samgöngusáttmáli og myndband samgöngustofu – (HS)
Faghópur um umferðaröryggi hestaumferðar gagnvart annarri umferð hafa í samstarfi við Samgöngustofu unnið undanfarna mánuði að verkefni um umferðaröryggismál hestamanna. Snýr sú vinna m.a. að útgáfu fræðslumyndbands í teiknimyndaformi um viðbörgð hestsins við áreiti annarrar umferðar þar sem meginþráðurinn er að upplýsa fólk um að hesturinn er flóttadýr og áhersla er á gagnkvæma tillitsemi og virðingu milli ólíkra útivistarhópa. Samhliða útgáfu myndbandsins er unnið að gerð sáttmála milli hestafólks og annarra vegfarenda í samstarfi við fulltrúa útivistarhópa og annarar umferðar. Sáttmálinn verður undirritaður 8. maí og fræðslumyndband frumsýnt við sama tilefni.
Afgreiðsla: Skrifstofu falið að koma á framfæri til félaganna upplýsinum um gang mála við gerð sáttmálans og setja á samfélagsmiðla LH.
4. Árekstrar útivistarhópa á útivistarsvæðum – erindi frá Sörla
Hestamannfélagið Sörla skorar á LH að vera í forsvari fyrir því að fá forsvarsmenn annara útivistarhópa sem og opinbera aðila til liðs við sig vegna árekstra ríðandi umferðar og annarra útivistarhópa og boða til sameiginlegrar vinnu og stefnumótunar allra þeirra hópa er stunda útivist í upplandi höfuðborgarsvæðisins.
Afgreiðsla: Sjá dagskrárlið 3.
5. Framkvæmdaáætlun fyrir Skógarhóla 2021 (EH)



Farið var yfir þau viðhaldsverkefni sem liggja fyrir á Skógarhólum. Forgangsraða þarf verkefnum í samræmi við tíma og mannskap sem fæst til sjálfböðavinnu. Hluta þarf verkefnið niður markvisst og hafa vinnudagana stutta.

Afgreiðsla: Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 á landsþingi var samþykkt að veita 1.000.000 í viðhald á Skógarhólum. Ósk um viðbótarframlag verður lögð fram eftir framvindu verkefna í sumar.

6. Svar FEIF við ályktun landsþings um að endurskoða reglur og verklag um hestanöfn
Reglur um hestanöfn eru í kafla G3.5.6 í FEIF-reglum og vinnur FEIF eftir þeim reglum. Til að breyta því verklagi þarf að leggja fram breytingartillögu fyrir FEIF-þing.
Afgreiðsla: Skrifstofu falið að kynna svar FEIF fyrir félagsmönnum LH.

7. Notkun eyrnatappa í keppnishrossum í gæðingakeppni – erindi frá GDLH
Stjórn GDLH biður um álit laganeftdar um hvort sú breyting sem gerð var á FEIF þingi 2020 um heimild til notkunar eyrnatappa, gildi um gæðingakeppni. Slíkt væri óheppilegt þar sem vilji er dæmdur í gæðingakeppni og gildir tvöfalt í a og b flokki.

Formaður laganeftdar vísar í grein í kafla um gæðingakeppni þar sem segir að reglur íþróttakeppni um útbúnað gildi einnig um gæðingakeppni. (Sjá reglu 7.3.2 „[...] í gæðingakeppni vísast til kafla 8 í lögum um íþróttakeppni (FIPO) um allan útbúnað knapa og hests.“)

Afgreiðsla: LH beiti sér fyrir því að sett séu takmörk á leyfilegan hljóðstyrk á mótum og beina tilmælum til mótshaldara að stilla hávaða í hóf. Eftirfarandi spurningum er vísað til laganeftdar; í ljósi þess að vilji er dæmdur sérstakleg í gæðingakeppni, hvort að hægt sé að túlka sem svo að eyrnatappar séu ekki leyfðir í gæðingakeppni. Einnig hvort stjórn LH hafi heimild til að setja sérákvæði á milli þinga, sem býður samþykktar næsta landsþings.

8. Valnefnd LH
Verið er að búa til ramma um hvernig eigi að meta árangur á mótum með tilliti til vægi móta ofl.
Afgreiðsla: Matsrammi lagður fyrir næsta stjórnarfund.

9. Heimsmeistaramóti aflýst
FEIF og mótshaldarar í Herning hafa aflýst heimsmeistaramóti 2021 vegna ástandsins í aðildarlöndunum vegna Covid-19.

10. Samningur um Íslandsmót
Samningaviðræður við Norðlendinga standa yfir, LH gerir ákveðnar kröfur um aðbúnað og framkvæmd Íslandsmóts og veita þarf mótshaldara styrk til að standa undir þeim kröfum.
Afgreiðsla: Stefáni veitt heimild til að ganga til samninga við Norðlendinga á ofangreindum forsendum.

11. Önnur mál

a. *Mannabreytingar í nefndum*



Æskulýðsnefnd – Sara Gísladóttir formaður sagði sig úr nefndinni af persónulegum ástæðum. Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir er nýr formaður. Tillaga nefndarinnar að fjölga um tvo í nefndinni.

Ferða- og öryggisnefnd – Guðríður Arnardóttir sagði sig úr nefndinni. Nýr nefndarmaður er Grétar Hallur Þórisson.

Mannvirkjanefnd – Óskar Alfrið Beck sagði sig úr nefndinni af persónulegum ástæðum.

Tölvunefnd – Sara Gísladóttir sagði sig úr nefndinni og Hallveig Fróðadóttir lést í apríl eftir erfið veikindi.

b. Staða verkefna í nefndum.

Ferðanefnd – er að vinna að eyðublaði um slysatilkynningar.

c. Allra sterkustu aflýst

Í ljósi aðstæðna og röskunar á mótahaldi í vetur ákvað meiri hluti landsliðsnefndar að aflýsa Allra sterkustu þetta árið. Taka þarf afreksstarfið til endurskoðunar og marka þarf stefnu fyrir landsliðsmálin til næstu ár.

Fundi slitið kl. 23:00